

## Sveitarstjóri Dalabyggð

---

**From:** Svavar Garðarsson <senjor@simnet.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 10. september 2020 09:21  
**To:** Sveitarstjóri Dalabyggð; Eyjólfur Ingvi Bjarnason; skuligudbjornsson@gmail.com; Einar Jón Geirsson; Þuríður Jóney Sigurðardóttir; siggahuld@gmail.com; Pálmi Jóhannsson; ragnh.pals; svannahj  
**Cc:** Slökkviliðsstjóri Dalabyggð; Þórður Már Sigfússon; Kristján Ingi Arnarsson  
**Subject:** Staðarfell fyrir mannlíf og mörg störf, en ekki sem Draugasetur Dalabyggðar.  
**Categories:** Vistað í OneCRM; 2006009  
**One:** -1

Komið þið sæl sveitarstjórnarfólk og aðrir lesendur.

Sú hugmynd að sveitarfélagið eignist Staðarfell fyrir lítið sem ekkert er góður gjörningur sem opnar á marga möguleika til þess að staðurinn hljóti með tímanum fyrri reisu með iðandi mannlíf og mörg störf hvort heldur sem það yrði í höndum Dalabyggðar sem næsta eiganda staðarins eða þess aðila sem síðar kaupir staðin af Dalabyggð, til verkefna sem ekki liggja fyrir í dag hver yrðu.

Það liggur nefnilega ekkert á að ráðstafa eigninni til ákveðinna verkefna á þessum tíma punkti. Framtíðin er full af tækifærum þessum fallega stað til framdráttar ef okkur auðnast gæfa og gáfur til þess að gefa þeim tíma til að koma upp á yfirborðið og þróast.

Það sem hinsvegar liggur á að gera er að slá út af borðinu í eitt skipti fyrir öll þá stórfurðulegu hugmynd að ætla að flytja Byggðasafn Dalamanna til Staðarfells, að kosta til hundruðum milljóna til þess eins að færa til innan sveitar EITT = 1 árstíðarbundið hlutastarf og því til viðbótar að eyðileggja Byggðasafnið og framtíð Staðarfells sem staðar mannlífs og mikilla umsvifa.

Er núverandi sveitarstjórnarfólk ekkert að hugsa um uppbyggingu atvinnulífs með fleiri störfum þegar upp í hendur þeirra berst stærðarinnar tækifæti eins og Staðarfell er, að þá skuli vera hangið í marga mánuði á hugmynd sem er algerlega út í bláinn og engin þorir að tjá sig um vitleysuna á fundum. Aðgangseyrir að Byggðasafni langt úr leið eftir malarvegi dygði ekki fyrir ferðakostnaði safnvarðar, og var það þó rekstrarlega dapurt fyrir í margmenninu á Laugum.

Ef sitjandi sveitarstjórnarfólk árið 2020 vill reisa sér minnisvarða á Staðarfelli sem sæmir heitið Draugasetur Dalabyggðar þá er það þeirra mál en ég hef lagt mitt af mörkum til þess að svo verði ekki enda á þetta ágæta fólk betra skilið en að svo verði, margt gott hefur verið gert það sem af er kjörtímabilinu og margt bíður síns tíma.

Tvö atriði sem vega þungt ef enn einhver er að setja samasem merki á milli Staðarfells og Byggðasafns Dalamanna, 1. rafmagns húshitun til safnahúsa er ekki niðurgreidd eins og til mannabústaða.

2. Í öllum byggingum er talið að upp geti komið eldur, það gildir líka um Staðarfell sem er hús á fjórum hæðum sem þá væru allar þéttsetnar af menningarmínjum sem venju samkvæmt telst vera verðmætt stolt hvers byggðarlags, ef upp kæmi eldur þá verður nákvæmlega engu bjargað, þessi bygging væri meira og minna mannlaus allt árið sem bæði gæti verið kostur og galli við þær aðstæður. Verum raunsæ.

Að gera Staðarfellsskólann í gott stand að innan allrar 4.hæðirnar gæti kostað á bilinu 220-280 milljónir án tillits til þess hvað verður þar nákvæmlega og þarfa þess, talan er byggð á grúski um framreiknuð fermetraferð á endurbótum illa farinna húsrýma, upphæðin gæti þó verið mun hærrí vegna umstangs sem fylgir því að framkvæma á fjórum hæðum, ferðakostnaðar og upphalds. Þetta verkefni bíður annarra en okkar.

Límtré Vírnet getur sem dæmi, afhent 1000 fermetra límtrésbyggingu tilbúna til uppsetningar á sökkul fyrir 43-50 milljónir uppæðin er á þessu verðbili eftir því hvað margir gluggar og hurðir eru, þar með talið gluggar í þaki.

Samgöngusafnið á Skógum er límtrésbygging frá Límtré byggð fyrir 20 árum. Nánari upplýsingar veitir fúslega Gísli í síma 412 5300, meðfylgjandi slóð sýnir samgöngusafnið.

[https://www.google.is/search?q=samg%C3%B6ngusafni%C3%B0+sk%C3%B3gum&source=lnms&tbm=isch&sa=X&ved=2ahUKEwiWpMfQuN3rAhUH3hoKHdeFB0gQ\\_AUoAXoECBoQAw&biw=1600&bih=789#imgrc=ArbcNT7vDaLszM](https://www.google.is/search?q=samg%C3%B6ngusafni%C3%B0+sk%C3%B3gum&source=lnms&tbm=isch&sa=X&ved=2ahUKEwiWpMfQuN3rAhUH3hoKHdeFB0gQ_AUoAXoECBoQAw&biw=1600&bih=789#imgrc=ArbcNT7vDaLszM)

[https://www.google.is/search?q=samg%C3%B6ngusafni%C3%B0+sk%C3%B3gum&source=lnms&tbm=isch&sa=X&ved=2ahUKEwiWpMfQuN3rAhUH3hoKHdeFB0gQ\\_AUoAXoECBoQAw&biw=1600&bih=789#imgrc=8lrMZDu7OxA9RM](https://www.google.is/search?q=samg%C3%B6ngusafni%C3%B0+sk%C3%B3gum&source=lnms&tbm=isch&sa=X&ved=2ahUKEwiWpMfQuN3rAhUH3hoKHdeFB0gQ_AUoAXoECBoQAw&biw=1600&bih=789#imgrc=8lrMZDu7OxA9RM)

Bestu baráttukveðjur.  
Svavar Garðarsson.